

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, efnahags- og skattanefnd  
vt. Eiríkur Áki Eggertsson  
Austurstræti 8  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. mars 2010 02-2010030195  
T-ums 16/10

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum - 288. mál, þskj. 332**

Ríkisskattstjóri hefur þann 11. mars 2010 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, með síðari breytingum -288. mál, þskj. 332.


Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að því sé ætlað tryggja aukið lýðræði, gagnsæi, eftirlit og áhrif sjóðfélaga á starfsemi lífeyrissjóða.


Í 3. gr. frumvarpsins er kveðið á um að launþegar skuli ætíð vera í meirihluta í stjórn lífeyrissjóða og á að tryggja það með ákveðnu lágmarkshlutfalli fjölda stjórnarmanna sem koma frá sjóðfélögum sem eru launþegar og ákveðnu hámarkshlutfalli fjölda stjórnarmanna sem geta talist atvinnurekendur. Í athugasemdum við 3. gr. segir svo orðrétt:

*„Útfærsla þessa þarf ekki að vera flókin þar sem unnt er að leita eftir leyfi til Persónuverndar til að samkeyra fyrirtækjaskrá þjóðskrár við sjóðfélagaskrá svo að unnt sé að sannreyna hvort sjóðfélagi er atvinnurekandi.“*

Ríkisskattstjóri hefur tvær athugasemdir við framanritað. Í fyrsta lagi þá er það ríkisskattstjóri sem rekur Fyrirtækjaskrá en ekki Þjóðskrá. Í öðru lagi hefur Fyrirtækjaskrá eingöngu að geyma upplýsingar um skráða lögaðila en ekki um einstaklinga sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Samkeyrsla á Fyrirtækjaskrá við sjóðfélagaskrá lífeyrissjóða leiðir þar með ekki í ljós hvort að viðkomandi sjóðfélagi hafi með höndum sem einstaklingur atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi. Að öðru leyti er ekki ástæða að gera athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þorðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir